



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Bakkaborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat	5
Bakki, ungbarnadeild	5
2.1 Félagsfærni	5
2.2 Sjálfsefling.....	5
2.3 Læsi.....	7
2.4 Heilbrigði	8
Álfhóll	10
Dvergasteinn	14
Skessuból	21
3 Innra mat sérkenndu.....	29
5 Innra mat – fjöltyngd börn	31
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	34
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	35
8 Foreldrasamvinna	35
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	35
10 Fylgigögn.....	36
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	36



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans: Gleði, vinátta og virðing.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Eins og áður hefur þetta verið mjög ánægjulegt starfsár, þó það hafi verið litað af „ástandinu“ fyrri part tímabilsins. Í janúar og febrúar voru mikil veikindi hjá börnum og starfsmönnum þar sem veiran tók sinn toll. Þá voru fjöldatakmarkanir, hólfaskiptingar, fjarlægðar takmörk o.fl.. En svo rofaði til, veikindum fækkaði og allt fór á fullt.

Það sem við tökum með okkur eftir þennan tíma er innleiðing handþvottar allra barna þegar þau mæta í leikskólann, leikföngum fækkað og skipt örur út o.fl., „fátt er svo með öllu illt að ey boði gott“.

Á vor mánuðum byrjaði starfsmaður með B.Ed. í leikskólakennarafræðum hjá okkur sem er að bæta við sig masters gráðu í leikskólakennarafræðum. Þá er einn starfsmaður í B.Ed. námi í leikskólakennarafræðum. Við fögnum því þegar starfsmenn bæta við sig menntun og eru nokkrir starfsmenn sem hyggjast setjast á skólabekk í fjölbreyttu námi á haust mánuðum.

Við lögðum af stað með nýja tíma línu þar sem við vorum með þema fyrir hvern mánuð. Þar tengdum við bækur, lög, þulur og verkefni fyrir hvert þema sem nýttust hópstjórunum í hópastarfi.. Deildastjórar skiptu út mánaðarlegum námsgögnum sem tilheyrðu þema vinnu næsta mánaðar.

Þegar endurmat fór fram í nóvember var ákveðið að einfalda tímalínununna fyrir yngstu börnin og var það til góðs.

„Leikur að læra“, byrjað var á foreldraverkefnum á elstu deild, þar sem foreldrar vinna ákveðið verkefni með börnunum þegar þau mæta að morgni. Stefnt er að því að færa þetta inná fleiri deildar næsta haust.



Dæmi:

Foreldraverkefni nr. 1

Stafur vikunnar er K.

1. Skrifaðu stórt K og lítið k á töfluna.
2. Hoppaðu á hringjunum á gólfinu að hurðinni til að finna orð sem er með K/k í.



3. Hoppaðu til baka og settu orðið á töfluna.

Námsmarkmið:

- læra að þekkja hástafi og lágstafi.

Rímas íþróttakennarinn okkar notar verkefni úr „Leikur að læra“ og útfærir eftir aldri barnanna. Leikfímistímarnir hafa slegið í gegn hjá öllum börnum á öllum deildum og munum við halda því inni áfram á næsta skólaári.

Lögð var áhersla á að skráningar væru virkar og einfölduðum við skráningarblöð og virkjuðum notkun ípada. Skráningar geta verið nýttar á fjölbreyttan hátt þar sem starfsfólk getur fylgjast með hegðun, ýgi, leik, þroska og framförum hjá börnunum á skipulagðan og skilmerkilegan hátt.

Við höldum áfram í námskeiði Verkfærakistunnar hjá KVAN og kláruðu síðustu starfsmennirnir námskeið á vormánuðum. Vinna næstu skólaára verður að halda áfram með verkefni úr Verkfærakistunni. Tilgangur Verkfærakistunnar er að staðsetja börn út frá félagslegri stöðu barnanna í hópnum. Nú hafa öll börn verið metin út frá félagslegri stöðu og mun sú vinna halda áfram þegar þau færast á milli deilda.

Í maí fórum við í námsferð með KVAN þar sem unnið var með starfsmannahópinn og verður haldið áfram í haust með þá vinnu.

Vegna breytinga í stjórnendahóp leik- og grunnskóla í hverfinu var ákveðið að sækja ekki um þetta árið í þróunarsjóð fyrir sameiginlega verkefnið okkar hér í neðra Breiðholti „Það þarf þorp“. Stefnt er að því að halda þeirri vinnu áfram næsta skólaár.

Þetta skólaár vorum við svo heppin að fá til okkar átta leikskólakennaranema sem við dreifðum á milli deilda. Unnin voru verkefni með barnahópnum og var mikil ánægja með þeirra viðveru og vonumst við til að fá nýja nema árlega.

Fyrir næsta skólaár er í undirbúningi að vinna samvinnuverkefni við leikskóla í Búlgaríu í tengslum við fjölmennningarlegan leikskóla, þar sem við erum fyrirmyndarskóli fyrir verkefnið.

Í ár var tekin viðhorfskönnun á vegum skóla- og frístundasvið og kom Bakkaborg mjög vel út eins og áður.

Við leggjum af stað með metnaðarfulla starfsmenn og starfsáætlun fyrir næsta starfsár. Eins og undan farin ár eru börn að fara frá okkur í grunnskóla og aðra leikskóla og óskum við þeim og foreldrum þeirra velfarnaðar í framtíðinni. Þá tökum við á móti nýjum leikskólabörnum og foreldrum sem veitir okkur gleði og ánægju. Framtíð Bakkaborgar er björt og við hlökkum til komandi skólaárs.



2 Innra mat

Bakki, ungbarnadeild

Bakki er ungbarnadeild með 15 börn á aldrinum eins til tveggja ára sem öll voru að hefja leikskólagöngu sína í fyrsta sinn. Aðlögun var í ágúst og september og í lok hennar byrjaði formlegt hópastarf. Hópastarf var alla daga vikunnar og skiptist í listasmiðju, könnunarleik, íþróttir og flæðilestur, Lubbastund og vinastund. Lögð var sérstök áhersla á félagsfærni og málörvun. Eftir áramót urðu deildarstjóranskipti á Bakka.

2.1 Félagsfærni

Við byrjuðum í haust með vikulegar vinastundir í hópátíma. Vinastundirnar eru samblanda af Vináttuverkefninu Blæ og verkfærakistu KVAN.

- Styrkleikar: Krökkunum finnst gaman í vinastundum og framfarir í þátttöku í nuddstund.
- Tækifæri til umbóta: Þetta var fyrsta árið sem við vorum að vinna með Blæ vinaverkefni og hefur það verið í þróun hjá okkur í vetur. Blær bangsinn hefur ekki verið aðgengilegur börmunum og verður breyting á því næsta vetur. Verið er sauma vasa til að hafa bangsana í og verða þeir í hæð barnanna. Einnig að láta vinaspjöldin úr blæ vera sýnileg í hæð barnanna þannig að þau geti verið að skoða þær og tala um þær.



2.2 Sjálfsefning

Boðið var upp á val tíma eftir hvíld til að koma til móts við áhugasvið barna. Í val tíma gátu börnin valið á milli tveggja athafna.

- Styrkleikar: Kennarar buðu upp á ýmsar nýjungar í vali sem ekki hafði verið boðið upp á í frjálsum leik, t.d. að mála með bílum.
- Tækifæri til umbóta: Við prófuðum ýmsar útfærslur: velja út frá myndum, hlutum og með því að sýna þeim nákvæmlega það sem í boði var. En þetta reyndist þeim erfitt. Í janúar ákváðum við að breyta valinu og hafa meira val daglegum aðstæðum þar sem börnin hafa fjölbreytt val, t.d. í matmálstíma, frjálsum leik og söngstundum.



Börnin æfðu sig í að klæða sig í frjálsum leik, í vettlinga, húfur og stígvél. Fötin voru geymd í litlum kassa í Bangsaherbergi sem var tekinn fram reglulega.

- Styrkleikar: Börnunum fannst gaman að leika með fötin og æfðust í að klæða sig.
- Tækifæri til umbóta: Við ætlum að bæta við fleiri stígvélum, vettlingum, þægilegri húfum og sokkum. Gott væri að fjölga kössunum og hafa einn í hverju rými. Einnig þurfa þau að æfa sig í fataklefanum en við starfsmennirnir hjálpum þeim að hjálpa sér sjálf.



Stefnt var að því að hvert barn næði í ávexti upp í eldhús á morgnana í fjögur skipti. Merkt var við þegar börnin fóru og tekin var mynd til skráningar.

- Styrkleikar: Þetta gekk vel, öll börnin fengu að fara upp í hús að sækja ávexti og haldið var vel utan um skráninguna. Flestum fannst gaman að fara.
- Tækifæri til umbóta: Það þurfti að taka börnin úr leik eða samveru til að komast upp í hús. Auk þess eru flest börnin á Bakka eru á sínu fyrsta ári í leikskóla og ekki orðin alveg örugg á sinni eigin deild og útigarðinum. Næsta starfsár viljum við leggja áherslu á að börnin nái fullu öryggi á Bakka áður en þau þurfi að kynnast stóra húsinu.



2.3 Læsi

Við höldum áfram að gefa 10 og tókum saman aðra hverja viku hvaða börn fengu minnst svo hægt væri að leggja áherslu á að gefa þeim meira.

- Styrkleikar: Gefðu 10 gekk mjög vel fram að jólum. Farið var yfir stöðuna á hverjum deildarfundum og hvaða börn þyrftu að fá meiri samskipti.
- Tækifæri til umbóta: Eftir jólin tók lengri tíma að komast í gang, vegna veikinda barna og starfsmanna vegna Covid-19 sem hafði neikvæð áhrif. Stefnum á að byrja af krafti í haust.

Flæðilestur var á föstudögum hjá þeim hópum sem biðu eftir að komast í íþróttir. Prófað var að hafa myndir úr hverri bók hangandi uppi á vegg í öllum rýmum til að æfa orðin betur.

- Styrkleikar: Mörg barnanna höfðu mikinn áhuga á myndunum úr flæðilestursbókinni og bentu mikið á þær og fengu að heyra og æfa orðin.
- Tækifæri til umbóta: Það hefur verið losarabragur á flæðilestrinum á föstudögum og verið að taka myndirnar niður af veggjunum. Þurfum að finna betri tíma og lausn til að festa myndirnar á veggjum. Hugmynd um að hafa flæðilesturinn í samveru fyrir hádegismat á hverjum degi og lesa sömu bókina alla vikuna. Setja myndirnar í ramma í hæð barnanna og láta þær hanga uppi alla vikuna.



Lubbastund var einu sinni í viku þar sem eitt málhljóð var æft vikulega.

- Styrkleikar: Börnunum finnst Lubbastundin skemmtileg og gaman að skoða dótakassann hans Lubba og knúsa hann.
- Tækifæri til umbóta: Við fórum of langt á hljóðalistanum, hljóðin í vor voru ekki við hæfi eins til tveggja ára barna. Auk þess þarf að vinna lengur með hvert hljóð til að börnin gæti lært þau. Næsta starfsár ætlum við að bíða með Lubba fram að áramótum og stefnum þá á að taka hvert hljóð í þrjár vikur. Með því gefst tækifæri til að vinna betur með hvert aldurs svarandi hljóð.



2.4 Heilbrigði

Börnin fóru vikulega í íþróttatíma þar sem þau byrjuðu á stuttri upphitun, fóru svo í þrautabraut og enduðu á leikjum. Eftir áramót bættist við Leikur að læra í upphafi tíma.

- Styrkleikar: Börnin tóku miklum framförum. Eftir starfsárið voru þau öruggari, vissu hvað íþróttir eru og hvað þau eru að fara að gera þar.
- Tækifæri til umbóta: Meira skynjunardót til ganga á.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að hverju er stefnt? Öll börn á deildinni séu í góðri félagslegri stöðu í barnahópnum	Hvernig framkvæmum við það? Mánaðarleg skráning á deildarfundum um félagsstöðu barna og aðgerðarplan í framhaldinu	Hver ber ábyrgð, Sameiginleg ábyrgð starfsmanna á deild, deildarstjóri heldur utan um skráningar	Sept 2022	Maí 2023	KVAN skráning um félagsstöðu barna einu sinni í mánuði.	Öll börn verða í flokknum „meðal“ eða „vinsælt“
Sjálfsfelling	Börnin geti hjálpað sér sjálf í fataklefanum	Leikum með einfaldan fatnað (vettlinga, húfu, sokka, stígvél) í frjálsum leik a.m.k. 1x/viku	Starfsmenn í bangsa-herbergi og Sælukoti.	Haust 2022	Maí 2023	Skráningarblað til að merkja hvaða börn geta klætt sig í hvaða fót.	Börn geti klætt sig í vettlinga, húfu, sokka og stígvél.
Sköpun	Örva skynfæri og sjálfsprottnar rannsóknir barna	Þjóða upp á könnunar -og skynjunarleiki í hópatíma 1x/viku	Hópstjóri skynjunarleiks	Haust 2022	Maí 2023	Skráning hópstjóra á hegðun og áhuga barna í skynjunarleik	Öll börn fá skynjunarleik 1x/viku
Læsi	Börnin geti tjáð sig í samræmi við aldur.	Gefum 10 markvisst. Aukum notkun á TMT með myndum, ásamt tákni, á veggjum	Allir starfsmenn	Sept 2022	Maí 2023	Markviss orðaforðaskráning: Dagleg skráning á nýjum orðum og táknum	Hafi náð viðmiðum í málþroska við 2 ára aldur (TRAS og hti.is)
Heilbrigði	Auka skynörvun í íþróttatímum	Nota púða og dýnur með ólíkum áferðum.	Rímas íþróttakennari	Sept 2022	Maí 2023		



Álfhóll

Skólaárið 2021 - 2022 í ágúst færðust börn á milli deilda og ný börn byrjuðu, á Álfhóli voru 21 barn og fjórir kennarar og tveir með stuðning. Í upphafi skólaárs voru fjögur börn fædd 2018 og sautján börn fædd 2019. Bakkaborg er rík af fjöltyngdum börnum og voru 14 á Álfhóli af 21 barni.

Börnunum var raðað í hópa eftir aldri. Í upphafi voru 3 hópar um áramót, síðan skiptum við í 4 hópa. Hópstjórar eru með sinn hóp fram að hádegismat. **Styrkleiki:** Það veitir öryggi bæði fyrir börn og kennara.

Deildarstjóri tók hópastarf hjá þeim kennara sem var í undirbúningi, með því móti var deildarstjóri einu sinni í viku með hvern hóp. **Styrkleiki:** Deildarstjóri þekkir öll börnin í daglegu starfi.

Endurmat á starfsáætlun 2021-2022

Tilfinningalæsi: Vináttu-verkefni Barnaheilla Blær bangsi: Í haust fengu börnin Blæ bangsa til eignar sem er alltaf aðgengilegur á deildinni ef að þau þurfa hann sem öryggi og huggun. Blær fer með þeim í vinastund, í byrjun voru tímarnir stuttir en þegar að leið á veturinn þá fóru börnin að hafa meiri áhuga og skilning á vinastundunum. Þarna er verið að kynna tilfinningarnar. Ákveðið er að hafa aftur í starfsáætluninni veturinn 2022-2023 þar sem að við höfum ekki náð að fullu að tileinka okkur það.

Styrkleiki: Markmiðið er að börnin læri að setja mörk og þekkja tilfinningar.



Sjálfsefning: Fyrst um haustið byrjuðum við á að fara í leiki eins og hver er undir teppinu. Í samverustund hafa þau verið að standa fyrir framann hópinn og velja lag til að syngja, síðan bættum við að börnin væru umsjónamenn, fara með starfsmanni í eldhús að sækja matinn stendur fyrir framan hin börnin og segja hinum hvað væri í matinn. **Styrkleiki:** Að þau fái sjálfstraustið til að standa fyrir framan hóp.

Félagsfærni: eftir áramót fórum við að fara í hópleiki sem eru í verkfærakistu frá KVAN, einnig nýtist Blær bangsinn inn í félagsfærnina. Ákveðið er að hafa aftur í starfsáætluninni veturinn 2022-2023 þar sem að við höfum ekki náð að fullu að tileinka okkur það.



Endurmat á öðru starfi.

Íþróttir: Í vetur hefur íþróttakennari komið einu sinni í viku og verið með íþróttatíma fyrir alla hópa, stuðst er við verkefni úr Leikur að Læra. **Styrkleikar:** Í þessum tímum æfa þau margt sem fléttast inn í tímann eins og litir, starfræði, hugtök, tilfinningalæsi, sjálfsefning. Einnig öðlast þau aukið úthald.



Sjálfshjálpi: börnin ganga sjálf frá eftir máltíðir, eru hvött til að klæða sig sjálf og ganga frá fötunum sínum eftir útiveru til að auðvelda frágang í fataklefa eru pallar sem að þau geta stigið uppá.

Styrkleiki: Auka sjálfstæði barnanna.

Listasmiðja: Allir hópar fara einu sinni í viku í listasmiðju, þar er boðið upp á mismunandi verkefni.

Styrkleiki: börnin fá útrás fyrir sköpunargleði og er kynnt fyrir þeim mismunandi efnivið. Börn og starfsmenn eru áhugasöm.



Flæðilestur: Í upphafi skólaárs fórum við alveg markvisst að vera með flæðilestur fyrir alla hópa. Í flæðilestri heyra börnin sömu sögu lesna aftur og aftur. Fyrst þegar að hún er lesin fyrir hópinn og einnig þegar að verið er að lesa bókina fyrir hvert og eitt barn, tekin eru 8 orð úr hverri bók og gerðar myndir til að geta lagt áherslu á að kenna þau orð. Endurtekning er hluti af námi barnsins. **Styrkleiki:** Málörvun, auka orðaforðann.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Tilfinningalæsi Vináttuverkefni Barnaheilla Blær bangsi	Að kynna börnin fyrir tilfinning um Að efla samkennd	Hópastarf/stundir til að vinna verkefni sem efla tilfinninga þroska Myndræn gögn til staðar	Deilda-stjóri allt starfsfólk	Sept 2022	Maí 2023	Skráning safna gögnum: Myndir, skránið orð setningar ásamt atferli barnanna. Deildafundur des. 2022 apríl 2023	Að börnin þekki tilfinningar: Gleði leiður reiður hissa
Sjálfsfelling	Að börnin geti staðið fyrir framan hóp	Hópastarf/samverust undir	Allt starfsfólk deildastjóri	Des. 2022	Maí 2023	Skráning safna gögnum: Skráning í orðum og upptök. Deildafundur des 2022 maí 2023	Að börnin geti staðið örugg fyrir framan hóp
Félagsfærni Verkfærakistan KVAN	Að börnin geti tekið þátt í hóp-leikjum	Hópastarf/samverust undir Nota KVAN kennslustundir – leikur að læra	Allir starfsmenn deildastjóri	Sept 2022	Júní 2023	Skráning safna gögnum: Nota KVAN styrkleikaskráningu endurmat des 2022 og maí 2023	Að börnin taki þátt í hóp-leikjum sér til ánægju



Dvergasteinn



Á Dvergasteini dvelja 21 börn á aldrinum 3-4 ára þar af 10 fjöltyngd börn. Starfið síðasta vetur hefur verið markvisst og gengið vel þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður (nýr deildastjóri tekur við deildinni haust 2021, af þeim tekur annar deildastjóri við í maí 2022, Covid-19 faraldur). Tveir umbótaþættir frá síðustu starfsáætlun eru enn í vinnslu og verða sett aftur í áætlun fyrir næsta ár.

Verkfæraakista KVAN –Allir starfsmenn sóttu KVAN námskeið og nýtum við það í starfinu á deildinni. Í nóvember og apríl voru gerðar skráningar til að meta samskipti starfsmanna við börnin og samskipti milli barnanna. Gerðum breytingar á hópum í janúar 2022, út frá KVAN



setjum við sterka og veika einstaklinga saman í hópana. (Þessu þarf að breyta). Það hjálpaði að efla félagsfærni allra barnanna. Barnahópurinn varð meiri sameining.



Aðgerðaáætlun fyrir börn í félagslegum vanda náðist ekki á þessu skólaári, við bætum því við á næsta skólaári. Vorum að vinna með vináttuleikina og í mars og apríl fórum við í

hróshring í byrjun dags.

Á næsta skólaári munum við vinna markvissara með KVAN, t.d. að fara oftari í hróshring, gera og vinna með aðgerðaáætlun í haust.



Blær vináttuverkefni- Barnaheillar Blær var tengt við daglegt starf deildarinnar með því að börnin fengu að hafa bangsann hjá sér ef þess þurfti, sérstaklega eftir að við gerðum hann aðgengilegri (í mars). Vinastund með Blæ var vikulega í hópastarfi.



Það vantaði upp á að kennarar tóku meiri þátt, með því að nýta betur verkefnin og gera starfið með Blæ enn markvissara t.d. nuddstund, útileikir og umræður um vináttu í samverustund. Það er tækifæri til umbóta fyrir næsta skólaár.



Íþróttir – Íþróttakennari kom einu sinni í viku og var með íþróttir fyrir alla hópa bæði inni og úti. Börnin voru áhugasöm, við sjáum framfarir á gróf hreyfiproska barnanna og flest börnin voru jákvæð fyrir íþróttatímum og alltaf tilbúin að taka þátt. Eftir að það voraði fórum við oftari í

íþróttatíma á fótboltavöll sem er í nágrenninu. Við munum halda áfram að vinna með íþróttir en þetta verður ekki lengur umbótaþáttur fyrir næsta haust.



Barnasáttmálin – við höfum rætt við börnin að þau ráði yfir sér og eiga að virða mörk annara. Tilfinningaþroski barnanna er að eflast. Sáttmálinn er komin inn í daglegt tal hjá börnum og kennurum. Til dæmis í samveru, matartíma, fataklefa og frjálsum tíma. Við munum halda áfram að fræða börn um réttindi þeirra og þetta verður ekki lengur umbótaþáttur fyrir næsta haust.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að auka orðaforða og málkilning barnanna	Í daglegu starfi eru lesnar bækur eða kennd lög þar sem valið er orð til útskýringar. Notað er orðaforðalisti frá Menntamálastofnun. Verkefni: Bókaormur (börnin segja frá bókinni sem þeir tóku að heiman) Gefðu tíu (10mín við valin börn)	Deildastjóri Kennarar framkvæmir	September 2022	Maí 2023	Safna gögnum: TRAS skráningar, hæfniramar í íslensku. Samantekt á niðurstöðum á deildarfundum í lok hvernar annar	Börnin læri 3- 5 orð á viku og koma með bók að heiman að minnsta kosti einu sinni í önn
Félagsfærni Vináttuverkefnið Blær	Að gera vináttuverkefnið um Blæ að föstum þætti í starfinu	Að vinna markvissara með sögur, lög, nudd og annað úr Blæ töskunni, skrá allt nákvæmara í Tímalínuna	Deildastjóri Kennarar framkvæmir	Ágúst 2022	Maí 2023	Gögnum verður safnað í bók (skráning, myndir) þar sem skráðar verða Blæstundir og metið í janúar 2023 og maí 2023.	Að börnin kunna nefna tilfinninguna sína og sýni meiri sjálfstæði, kurteisi, umburðarlyndi og virðingu sér og öðrum.
Verkfærakistan KVAN	Efla félagsfærni og samskipti	Að finna og hjálpa börnum í félagslegum vanda	Deildastjóri Kennarar framkvæmir	September 2022	Maí 2023	Skráningar til að meta samskipti og	Að enginn barn í hópnum



	milli barnanna og kennara.	með því að gera og framleiða aðgerðaáætlun				félagsfærni barnanna. Verkefni verður metið í nóvember 2022 og maí 2023 (í deildarfundi)	sé höfnuð né týnd
Vettfangsferðir	Að börnin kynnist umhverfi og náttúru á eigin forsendum.	Vikulegir, marki-vissari göngutúrar og 2-3 vettfangsferðir á önn.	Deildastjóri hópstjórar framkvæmir	September 2021	Júní 2022	Gögnum safnað saman í minningabók og árstíðarbók (myndir, bæklingar, lauf, blóm...). Börnin fá að segja sína skoðun á ferðum með umræðu í hópatíma, svörin eru skráð og rýnd.	Að börnin kynnast betur umhverfi sem þau eru ekki vön.



Trölladyngja

Á skólaárinu 2021-2022 byrjuðu 20 börn fædd árið 2017 á Trölladyngju en í lok skólaárs voru þau orðin 22, þar af 10 tví- og fjöltyngd. Í þátttökuaðlögun voru 5 börn, á ýmsum tíma, og gekk hún vel. Í upphafi voru starfsmenn deildar þrír í fullu starfi, en með fjölgun barna og auknu stuðningshlutfalli voru starfsmenn deildar í lok skólaárs orðnir fimm.

Barnahópnum var skipt í þrjá hópa í hópastarfi þar sem lögð var áhersla á félagsfærni og sjálfsefningu, auk þess sem unnið var eftir tímalínu leikskólans. Við skipulagningu hópastarfs var tekin sú ákvörðun að ekki yrði einn eiginlegur hópstjóri með hverjum hóp, heldur skiptist starfsfólk deildarinnar á með hópana. Markmiðið var að nýta styrkleika hvers og eins starfsmanns og styrkja tengsl, samskipti og samvinnu starfsfólks og barna.

Í mars 2022 tók við nýr deildarstjóri á Trölladyngju og á sama tíma komu þrír nemar í leikskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands í vettvangsnám á deildina. Í kjölfar deildarstjórabreytinga var skipulag deildar, dagsskipulag, áherslur og skipting barnahópsins endurskoðað og gerðar breytingar með það að leiðarljósi að stuðla að auknum félags- og málþroska barnahópsins.

Börnunum var skipt upp í nýja hópa í hópastarfi til að stuðla að auknu námi og þroska innan barnahópsins, nýta styrkleika og stuðla að samvinnunámi innan hópsins. Að börnin læri af hvert öðru og hjálpist að. Þá var lögð sérstök áhersla á félagsfærniþjálfun, sjálfstyrkingu og málörvun.

Samverustundum var einnig skipt upp í minni hópa með það markmið að ná til allra barna og geta aðlagð námsefnið betur að þroska og getu hópsins.

Einnig hófst innleiðing á PMTO meðal starfsmanna deildarinnar, en það er uppeldisaðferð sem miðast að því að nota stutt, skýr fyrirmæli og hafa skýran ramma. Innleiðing aðferðar er enn í gangi en hefur nú þegar sýnt árangur. Breyting er bæði á hegðun og samskiptum milli barnanna og milli starfsfólks og barna.

Markmið næsta skólaárs er að halda áfram að styðja og styrkja félagsfærni og málþroska barnanna og verður áfram unnið eftir aðferðum PMTO. Í hópastarfi verður unnið með



könnunaraðferðina sem stuðlar að auknu sjálfstæði og eykur þátttöku og virkni barna í eigin námi.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla félagsfærni	Að efla sjálfstraust, frumkvæði og samskiptafærni	Verkfæra kista KVAN, Blær vinátta, Uppeldi til ábyrgðar, Leikur að læra.	Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi deildarinnar og að deila verkefnum og ábyrgð á annað starfsfólki deildar.	Ágúst/september 2022	Við lok skólaárs, en unnið er að aukinni félagsfærni alla leik- og skólagöngu allra barna.	Uppeldisfræðilegar skráningar, ritaðar, s.s. myndatökur, myndbandsupp-tökur, hljóðupptökur og ritaðar skráningar. Rýnihópar þar sem starfsfólk deildar rýnir í starfið og metur.	Matslistar úr Verkfærakistun KVAN þar sem félagsfærni og staða barna innan barnahópsins er metin, matslistar Menntastefnunnar Reykjavíkurborgar.
Efla málproska	Auka orðaforða og skilning, efla samskipta- og félagsfærni, getu til að hlusta og taka þátt í samræðum, sett saman setningar og öðlist færni til að tjá væntingar,	Lubbi finnur málbein, Flæðilestur, Leikur að læra, Blær vinátta, Verkfæra kista KVAN.	Deildarstjóri ber ábyrgð á starfi deildarinnar og að deila verkefnum og ábyrgð á annað starfsfólki deildar.	Ágúst/september 2022	Við lok skólaárs en málproski barna er í stöðugri þróun alla leik- og grunnskólagöngu allra barna.	Uppeldisfræðilegar skráningar, ritaðar, s.s. myndatökur, myndbandsupp-tökur, hljóðupptökur og ritaðar skráningar. Rýnihópar þar sem starfsfólk deildar rýnir í starfið og metur.	Hæfniramma, TRAS, Orðaforðalistinn, matslistar Menntastefnunnar Reykjavíkurborgar.



	tilfinningar og upplifanir.						
--	-----------------------------------	--	--	--	--	--	--



Skessuból

Á þessu skólaári / 2021-2022 /voru hjá okkur 24 börn fædd 2016. 16 börn voru tvítyngd. Í þátttökuaðlögun voru tvö börn og gekk aðlögunin mjög vel. Starfsmenn deildarinnar hafa verið fimm ásamt íþróttakennara og myndlistakennara . Deildarstarf hefur verið vel skipulagt, samstarf kennaranna hefur gengið mjög vel og sameiginlegt markmið okkar var að auka áherslu á sjálfseflingu og félagsfærni. Okkur á Skessubóli finnst mjög mikilvægt að öllum líði vel í leikskólanum og samskipti séu góð, sýna hvort öðru virðingu og umhyggju.

Félagsfærni :

Félagsfærni er mikilvæg og er stór partur af starfinu á okkar deild. Við höfum lagt áherslu á að kenna þeim hvernig á að hlusta á aðra án þess að grípa fram í. Hvernig á að deila með öðrum og skiptast á, hvernig við biðjum um hjálp og hvaða orð og líkamstjáningu á að nota sem eru kurteisleg. Kennsluefnið Blær og KVAN verkfærakista voru í notkun 1 sinni í viku fyrir hvert hóp.

Í Blæstundum var unnið sérstaklega með félagsfærni. Lögð var áhersla á grunngildin fjögur: Umburðarlyndi, Virðingu, Umhyggju og Hugrekki. Sérstaklega í „að setja sig í spor annarra og lesa í tilfinningar“ hvernig við sýnum hjálpssemi bæði í orðum og athöfnum, til þess notuðum við vináttuspjöldin úr Blætöskunni. Við höfðum nuddtíma (oft að ósk barnanna).

Unnið var með tæki úr verkfærakistu KVAN og Uppeldis til ábyrgðar- þarfir, hlutverk og leikskólareglur. Áður byrjaði hópastarf var rætt við börnin og komu þau sér saman um reglur sem voru gild. Börnin tóku þátt í að búa til umgengisreglur og aðrar reglur á deildinni. Samskipti, hegðun og vinategsl voru rædd. Lýðræðisleg samræða ,samvinna og jákvæð samskipti. Bera virðingu fyrir sér og öðrum og virði réttindi og skyldur í leikskólanum.

Í öllum stundum/verkefnum voru börnin hvött til að gera sjálf, velja sér viðfangsefni, að reyna fyrst og síðan að biðja um aðstoð. Hvöttum börnin til að aðstoða hvort annað og ef að þau hefðu ekki leikfélaga að leita sjálf eftir félaga.

Samverustundir:

Samverustundir okkar byggðust mikið á samskiptum við börnin, börnin voru hvött og aðstoðuð að sýna hvort öðru virðingu og hrósa. Góð samskipti byggðust ekki bara á tali heldur er mjög mikilvægt að virkja hlustun sem er lykillinn að samskiptum við aðra. Haldið var áfram að vinna með öryggi, traust og vináttu inn á deild.



Frjálsleikur:

Í frjálsum leik innan hópstarfs var unnið í litlum hópum og lögð áhersla á fjölbreytileikann að geta leikið með öllum ekki bara vinum sínum. Félagsfærnisefling var tengd við uppeldi til ábyrgðar: sérstök áhersla var lögð á virðingu, hlusta á aðra þegar þeir eru að tala, taka þátt í samtölum.

Styrkleikar:

Kennarar voru góðar fyrirmyndir í samskiptum, nálægir í leik, þannig að börnin fundu fyrir nánd okkar, þeim var kennt hvað var æskilegt og hvað óæskilegt. Samskipti okkar einkenndist af virðingu, jákvæðni, góðsemi, hjálpsemi og vináttu og börnin sáu það í daglegu starfi. Starfsfólkið sýndi áhuga á því sem barnið var að segja og var til staðar.

Unnið var með lífsleikni í hópunum. Við sýndum börnunum virðingu – virtum skoðanir þeirra. Við ræddum við börnin að maður þarf ekki að vera góður í öllu, það er allt í lagi. Sumir eru góðir í einu – aðrir í öðru. Skoðanir og áhugi barnanna var virtur.

Frjálsi leikurinn var í hávegum hafður og vinsælast var að byggja úr lego og öðru kubbaefni. Auk þess var mikið litað, teiknað og föndrað.

Börnunum var skipt í þrjá hópa sem börnin völdu sjálf nafnið á með lýðræðislegri kosningu. Í hópunum var unnið markvisst með FÉLAGSFÆRNI, SJÁLFSEFLINGU OG TILFINNINGALÆSI og eftir áramót með SJÁLFBÆRNI.

Tækifæri til umbóta:

Starfsfólk nýtir sér styrkleika sína í hópstarfi og miðlar kennslu til allra barnanna. Kosturinn við þetta er að öll börnin fá það besta frá hverjum starfsmanni.





Sjálfsfelling - Við notuðum mikið opnar spurningar til að fá börnin til að hugsa í lausnum.

Við styrktum jákvæða sjálfsmynd og hver og einn að bera ábyrgð á sjálfum sér og hvernig þeir koma fram við aðra. Einnig vildum við þróa eðlileg viðbrögð hjá börnunum gagnvart mistökum og reyna að byggja upp sjálfstraust þeirra. Sjálfsmynd þeirra er að styrkjast gagnvart eigin frumkvæði.

Covid 19 hafði töluverð áhrif á hvernig unnið var með sjálfsfellingu barnanna en hvar sem hægt var að koma því við var það gert :

Í fataherberginu:

Börnin klæddu sig sjálf, og tóku ábyrgð á klæðnaði sínum. Þau voru hvött til að finna sjálf hvort þeim væri t.d. kalt og hvað þau gætu gert ef svo væri. Ef þau báðu um aðstoð voru þau hvött til að gera fyrst og efa að þau lentu í vandræðum fengu þau að stoð (eins litla eins og hægt væri). Hvöttum börnin til að aðstoða hvort annað.



Borðhaldi:

Covid aftur kom í veg fyrir fulla sjálfsefningu við matarborðið. Börnin skáru matinn sinn sjálf, voru hvött til að finna magamál sitt og hugsa um matarsóun. Í síðdegishressingu völdu börnin hvað þau vildu borða (brauð /kex/ávexti) og hvað þau fengu sér ofan á brauð. Smurðu brauðið sitt sjálf. Í fyrri hlutar haustannar var flæðandi kaffi og var háborð, þar sem börnin sáu sjálf um sig (mikil ánægja var með þetta meðal barnanna). Síðan kom covid 19 af fullum krafti og aftur var farið að borða á þremur borðum.

Styrkleikar:

Sjálfshjálp með leiðbeiningu starfsfólks vera þjónn, veðurfræðingur, afmælisbarn, klæða sig í og úr og ganga frá eftir mat .

Við hrósum fyrir jákvæða hegðun og fyrir það sem vel er gert.





Gefðu 10 – Starfsfólkið var meðvitað um mikilvægi þess að töluðu við þau börn sem þurfti málörvun .

Tækifæri til umbóta:

Vera til staðar í leik barnanna og skapa aukið samtal um það sem verið er að gera, fá barnið til að nota setningar með sífelld fleiri orðum í samskiptum. Fylgjast með barninu í leik og skrá niður og halda saman upplýsingum um það hvað var gert.


Leikur að læra

Á Skessubóli hefur verið unnið með Leikur að læra / LAL / í hreyfingu inn á deild og í útikennslu. Eftir áramót einnig hófst svo aftur foreldraverkefni á miðvikudags- og föstudagsmorgnum og foreldrar voru duglegir í það og tóku þátt. Tilgangurinn með foreldraverkefni var að gefa foreldrum betri innsýn í það sem leikskólinn er að vinna með og fá hugmyndir um hvernig er hægt að vinna heima.

Verkefnin sneru öll um atriði sem tengjast viðfangsefnum sem við vorum að vinna með á deildinni - að kenna börnum hljóð, stafi, stærðfræði, form og liti í gegnum leik og hreyfingu á faglegan, skemmtilegan og árangursríkan hátt.

Börnunum finnst alltaf gaman og spennandi að fara í Leikur að læra.





Aðalmarkmið okkar er að útskrifa glöð og sjálfstæð börn sem eru félagslega sterk og víðsýn, eru þátttakendur í samfélaginu og að þau hafi áhrif á samfélagið sem þau búa í.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil		Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar.	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagsfærni og tilfinningalæsi	Að börn kynnist tungumálinu og möguleikum þess, tjái sig með fjölbreyttum hætti og þrói læsi í víðum skilningi. Tjá tilfinningar sínar, í samskiptum við aðra. Hjálpa þeim að skilja aðra og eignast vini. Að styrkja félagsleg tengsl. Uppbyggjandi samskipti milli starfsfólks og barna.	Með Vináttuverkefnið Blær. Verkfærakista Kvans, Barnasáttmálanum og Uppeldi til ábyrgðar. Að vera læs á tilfinningar: læra um eigin þarfir, geta sett sig í spor annarra, leysa deilur með orðum og taka tillit til annarra.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Allt árið um kring		Myndskráning. Skráningar Mat barna Þarfahringurinn Verkfærakista Kvans.	Að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Barnið er virkur þáttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir. Samræður milli starfsmanna og barna. Að starfsfólk nái að tileinka sér samræður á markvissan hátt. Uppeldi til ábyrgðar
Sjálfsefning	Að styrkja sjálfsmynd, sjálfvirðingu, jákvæðni og sjálfsmat. Traust barna.	Hrósum hvort öðrum. Hvetja börnin að gera sjálf og vinna saman. Að fækka neikvæðum skilaboðum, að virkja innri hvata og frumkvæði.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Allt árið		Myndskráning. Skráningar Mat barna	Mitt og þitt hlutverk. Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu, barnið læri að þekkja styrkleika og veikleika sína.



		Borðhald og fataherbergi.				
Sjálfbærni	Að börnin læri að umgangast náttúruna og umhverfi sitt af virðingu og að kenna á umhverfismennt og sjálfbæra þróun.	Fara út í okkar nærumhverfi : Skoða, sjá og upplifa náttúruna og umhverfið. - flokka rusl og draga úr matarsóun.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Allt árið	Myndskráning. Skráningar Mat barna	Ganga vel um náttúruna og njóta hennar, aðgerðir til að vernda jörðina.



3 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla í Bakkaborg er skipulögð þannig að leikskólinn mæti margbreytilegum hópi barna á jafnræðisgrundvelli með einstaklingsþarfir að leiðarljósi. Sérkennslan tekur mið af þörfum hvers og eins og er unnin í nánu samráði og samstarfi við foreldra. Í Bakkaborg er litið á sérkennslu sem eðlilegan hluta af öllu starfi í leikskólanum en ekki aðgreint úrræði. Það fer eftir stöðu og þörfum barnsins hvort þjálfun fari fram inni á deild eða í vinnustundarherbergi. Stundatafla var sett upp fyrir alla þá starfsmenn sem voru að sinna stuðningi og þar kom fram hvaða barn þau voru með hverju sinni. Í einstaklingskennslu voru notuð skráningarblöð frá GRR. Síðan voru notuð skráningarblöð úr LÆM.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, EFI-2 og Hljóm-2
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis námsefni voru notuð eins og Orðagull, Tölum saman, ýmis skemmtileg spil frá ABC skólavörum, Numicon kubbar, Ljáðu mér eyra, Markviss málörvun o.fl. Í iPad notuðum við: Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin, froskaleikinn, puppet pals og bitsboard.



Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Einstaklings- námskrá	Einstaklings- námskrá sé lifandi vinnuþagg inn á deild	Sérkennslustjóri vinnur að einstaklingsnám- skrá með stuðningsaðila í byrjun annar, kynnum námskrána fyrir allri deildinni á deildarfundi. Höfum markmiðin sýnileg og skráningarblöð eftir þeim.	Sér- kennslu- stjóri ásamt stuðnings aðila	Sept. 2022	Apríl 2023	Endurmat gert eftir 1 mánuð og farið yfir skráningar- blöð og hvort að það sé búið að hafa námskrána lifandi inn á deild og verið að skrá á hverjum degi í hana.	Það hafi verið unnið á hverjum degi úr einstak- lingsnámskrá og að hún sé sýnileg inn á deild og verið að ská í hana á hverjum degi.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í námsgögn og auknum stuðning við tví-og fjöltyngd börn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markviss vinna með daglegan orðaforða er hluti af daglegu starfi leikskólans, í hópstarfi, samverustundum, matartímum, fataklefa og á snyrtingu. <i>Gefðu 10</i> aðferðin er virk á öllum deildum og eru ákveðin tímabil þar sem lögð er sérstaklega mikil áhersla á að nota þá aðferð. Öllum fjöltyngdum börnum á hverri deild gefið 10 á hverjum degi. Verkefnastjóri fjölmennningar heldur utan um <i>Gefðu 10</i> og hefur yfirsýn og skráir í samræmi við mætingar barnanna. Á yngstu deildum leikskólans er <i>flæðilestur</i> vikulegur og er orðaforði úr flæðilestursbókum sýnilegur á myndrænu formi uppi á vegg. Einnig er orðaforðaskráning á yngstu deildunum. Á eldri deildunum er sérútbúin mappa með sjónrænu skipulagi til að nota í samskiptum við þau börn sem á því þurfa að halda. Þar er einnig sérútbúin málörvunar orðabók með grunnorðaforða, sem kennarar og börn geta gripið til.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Markviss málörvun er í öllum daglegum athöfnum leikskólans. Samverustundir eru m.a. notaðar til að dýpka orðaforða barnanna með því að lesa bækur, syngja lög og í gegnum samræður við börnin.



	Flæðilestur stundir eru vikulega á yngstu deildunum. Vikulega eru sérstakar Lubba-stundir, þar sem unnið er með Lubbi finnur málbein, auk þeirra er Lubbi orðinn hluti af daglegu starfi og kemur fyrir oft en í Lubba-stundunum. Á eldri deildum leikskólans er unnið með <i>Sögugrunn</i>. Samverustundum hefur verið skipt upp í minni hópa, með það markmið að ná betur til barnahópsins og efla málörvun og málþroska fjöltyngdra barna leikskólans. Endurmat er unnið reglulega.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum með því að nota skráningarblöð úr bókinni Staða > Framfarir > Framhald og hefur hver deild fund einu sinni í mánuði og þar sem staða hvers barns á deildinni er metið. Einnig voru <i>Hæfniramar</i> nýlega teknir í notkun, en þeir gefa ákveðið viðmið um árangur málörvunar í íslensku í leikskólastarfinu með fjöltyngdum börnum. Hvert fjöltyngt barn er staðsett með hæfnirömmum á 4 mánaða fresti.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Þar sem um helmingur barnanna á leikskólanum eru tví- eða fjöltyngd eru allir starfsmenn leikskólans meðvitaðir um mikilvægi þess að börnin nái tökum á íslenska tungumálinu. Gætt er að því að hafa allt starf á deildunum í myndmáli. Myndrænt dagskipulag er áberandi á öllum deildum. Málörvunarhópar, þar sem nokkur börn eru tekin í málörvunarstarf vikulega.



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lok ið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Hæfniramar	Nota Hæfnirama ma sem viðmið fyrir hvaða kröfur eru gerðar til barnanna og við markmiða gerð.	Nota skráningarbl öð fyrir hæfniramma na.	Verkefna stjóri fjölmenni ngar ásamt deildastjó ra hverrar deildar.	Sep t. 202 2	Ma í 202 2	Markviss skráning á 3-4 mánaða fresti, endurmeti ð i hvert sinn.	Að skráningarblö ðin hafi verið notuð markvisst, kröfur aukist og mælanlegar framfarir hjá barninu.
Fjölmennningar fundir	Verkefnas tjóri fjölmenni ngar og deildarstjó rar meta stöðu málþroska tví- og fjöltyngr a barna og hvernig þeim gengur í daglegu starfi leikskólan	Halda fjölmenninga rfundi einu sinni í mánuði.	Verkefna stjóri fjölmenni ngar	Ágú st 202 2	Jún í 202 3	Fundagerð ir eftir hvern fund.	Að fjölmennningar fundir með deildastjórum verði festir í sessi.



s, skipulögð u starfi og frjálsum leik. Úr þeim upplýsing um er starf með tví- og fjöltýngdu m börnum skipulagt til að stuðla að auknum málþroska þeirra.						
---	--	--	--	--	--	--

6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Að þessu sinni var einungis tekið örviðtal að hausti af leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Allir starfsmenn fengu samtál sem stóð í að minnsta kosti 15. min. Starfsfólki gafst tækifæri til þess að undirbúa sig með þar til gerðum eyðublöðum.

Starfsmenn leikskólans sóttu fjölmörg námskeið t.d. TRAS, tengslavandi hjá leik- og grunnskólabörnum, kvíði barna og unglinga, fagnámskeið hjá Endurmenntun HÍ, öryggistrúnaðarmannanámskeið, leikskólinn – gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin, söng- og spunanámskeið, einhverfurófið grunnnámskeið, trúnaðarmannanámskeið, vanræksla og ofbeldi gegn börnum, ADHD, EFI – 2 málþroskapróf, vináttuverkefni Blær, KVAN – verkfærakistan og fleira. Fyrirhugað var að halda Skyndihjálparnámskeið en vegna óviðráðanlegra orsaka gafst ekki tækifæri til þess en það verður haldið í haust.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Þetta skólaár var því miður eins og árið áður ekki mikil samvinna á haustönn á milli skólastiga. Þó náðum við að fara með elstu börnin í íþróttir allt skólaárið á vegum ÍR í Breiðholtsskóla og vorskóli var haldinn á vorönn. Starfsmenn elstu deildarinnar fóru með elstu börnunum í vorskólann. Í maí var elstu börnunum sem fara í Breiðholtsskóla boðið á vorhátíð og vakti það gleði og kátínu hjá þeim.

8 Foreldrasamvinna

Annað skólaárið í röð var ekki haldinn foreldrafundur að hausti. Að þessu sinni var sendur út póstur á alla foreldra og voru tvær mæður sem gáfu sig fram og voru því fimm foreldrar sem skipuðu foreldraráð. Ekki hittist foreldraráðið formlega á þessu ári en samskipti fóru í gegnum tölvupóst. Sami háttur var á í tengslum við foreldrafélagið og eru í dag fimm mæður sem tóku þetta verkefni að sér. Samskipti þeirra á milli fór fram í gegnum tölvupóst, facebook síðu og náðu þær að hittast einu sinni.

Deildarstjórar hafa sent vikulega tölvupósta með upplýsingum um starf leikskólans í lok vikunnar. Það hefur gefist vel og mikil ánægja með það.

Foreldraviðtöl voru tekin bæði að hausti og vori. Haust viðtölin voru fjarviðtöl en á vorönn mættu foreldrar í leikskólann og hittu deildarstjóra og eða þann aðila sem sá um viðtalið. Mæting foreldra var mjög góð í bæði viðtölin og var mikil ánægja hjá deildarstjórum hvernig til tókst.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2022 – 2023

30. september 2022

25. nóvember 2022

2. janúar 2023

6. febrúar 2023

24. mars 2023

12. maí 2023



AGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. M	1. F	1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F	1. L
2. S	2. F	2. S	2. M	2. F	2. M	2. F	2. F	2. S	2. Þ	2. F	2. S
3. Þ	3. L	3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. F	3. M	3. M	3. L	3. Þ
4. F	4. Þ	4. S	4. F	4. S	4. M	4. L	4. L	4. Þ	4. F	4. S	4. Þ
5. F	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. S	5. S	5. M	5. F	5. M	5. M
6. L	6. Þ	6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. M	6. M	6. F	6. L	6. Þ	6. F
7. S	7. M	7. F	7. M	7. M	7. L	7. Þ	7. Þ	7. F	7. S	7. M	7. F
8. M	8. F	8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F	8. L
9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. F	9. M	9. F	9. F	9. S	9. Þ	9. F	9. S
10. M	10. L	10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. F	10. M	10. M	10. L	10. M
11. F	11. Þ	11. S	11. F	11. S	11. M	11. L	11. L	11. Þ	11. F	11. S	11. Þ
12. F	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. S	12. S	12. M	12. F	12. M	12. Þ
13. L	13. Þ	13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. M	13. M	13. F	13. L	13. Þ	13. F
14. Þ	14. M	14. F	14. M	14. M	14. L	14. Þ	14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. F
15. M	15. F	15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F	15. L
16. S	16. M	16. M	16. S	16. M	16. F	16. F	16. F	16. S	16. Þ	16. S	16. S
17. M	17. L	17. M	17. F	17. L	17. Þ	17. F	17. F	17. M	17. M	17. L	17. M
18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. L	18. L	18. Þ	18. F	18. S	18. Þ
19. F	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F	19. S	19. S	19. M	19. F	19. M	19. M
20. L	20. Þ	20. F	20. S	20. Þ	20. F	20. M	20. M	20. F	20. L	20. Þ	20. F
21. S	21. M	21. F	21. M	21. M	21. L	21. Þ	21. Þ	21. F	21. S	21. M	21. F
22. M	22. F	22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F	22. L
23. Þ	23. F	23. S	23. M	23. F	23. M	23. F	23. F	23. S	23. Þ	23. S	23. S
24. M	24. L	24. M	24. F	24. L	24. Þ	24. F	24. F	24. M	24. M	24. L	24. M
25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. L	25. L	25. Þ	25. F	25. S	25. S
26. F	26. M	26. M	26. L	26. M	26. F	26. S	26. S	26. M	26. F	26. M	26. M
27. L	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. M	27. M	27. F	27. L	27. Þ	27. F
28. S	28. M	28. F	28. M	28. M	28. L	28. Þ	28. Þ	28. F	28. S	28. M	28. F
29. M	29. F	29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. M	29. L	29. M	29. F	29. L
30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. F	30. M	30. F	30. F	30. S	30. Þ	30. F	30. S
31. M		31. M		31. L	31. Þ	31. F		31. M			31. M

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2022 – 2023

Bakkaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Bakkaborgar hefur lesið yfir starfsáætlun 2022-2023. Starfsáætlunin lýsir starfi vetrarins vel.

Jákvætt er að sjá hve margt starfsfólk hefur sótt sér frekari þekkingu og færni eða stefnir á það. Sí- og endurmenntun starfsfólks hefur jákvæð áhrif á framþróun leikskólastarfsins í heild sinni.

Starfsáætlunin er, sem fyrr, metnaðarfull en raunhæf. Ánægjulegt er hve vel hefur gengið með innleiðingu á Blæ-verkefninu sem og íþróttatíma Rímasar. Okkar upplifun er sú að það ríki mikill metnaður og vilji til að gera vel hjá starfsfólki Bakkaborgar. Reynslan af því að skipta kennurum upp eftir hæfni hvað varðar íþróttir, föndur, Blæ og tónlist hefur einnig gefist vel.

Það er miður að ekki hafi náðst meira samstarf við foreldra og það er óskandi að hægt verði að leggja meiri áherslu á foreldrasamstarf inn á öllum deildum á komandi starfsári. Slíkt er mjög mikilvægt fyrir alla aðila að okkar mati. Hverfissamstarfið var að einhverjum hluta fyrir elstu börnin með heimsóknum í Breiðholtsskóla en það mætti leggja meiri áherslu á slíkt enda mikilvægt samstarf fyrir nemendur og hverfisheildina alla. Einnig viljum við ítreka það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum, mjög þarft er að sinna viðhaldi á útisvæði þar sem strax er farið að sjá á leiksvæði og tækjum.

Síðast en ekki síst ber að þakka starfsfólki Bakkaborgar fyrir vel unnin störf og að spila vel úr þessum fordæmalausum aðstæðum sem sl. tvö ár hafa verið. Það er ekki sjálfsagt að það sé hægt að halda rútínunni jafn vel og raun bar vitni og það er ykkur að þakka.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bergrós Elín Hilmarsdóttir

Jón Blöndal

Margrét Gíslínudóttir

Urte Grigaliune



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



